

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA
ÍSLANDS

Laugavegi 31, 101 Reykjavík • Pósthólf 107 121 Reykjavík
Sími: 552 2720 Fax: 552 2721

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 1085
komudagur 17 / 3 1997

Reykjavík 14. mars, 1997

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands fagnar því að lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, með vinnuvernd barna og ungmenna að markmiði.

Einnig lýsir stjórnin ánægju sinni yfir því að í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 4 og bls. 5 er vísað í alþjóðasamninga sem snerta vinnu barna og ungmenna.

Samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1994, sbr. 14. gr. stjksl. nr. 97/1995, skal börnum tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Ísland hefur fullgilt nokkra alþjóðasamninga þar sem kveðið er á um vinnuvernd barna og ungmenna. Þessir samningar eru Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 (aðallega 32. gr. samningsins) Samningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1966 (aðallega 3. mgr. 10. gr. samningsins) og Félagsmálasáttmáli Evrópu frá 1961. Ákvæði um vernd barna og ungmenna er í 7. gr. Félagsmálasáttmálans. Í fullgildingarskjali Íslands að Félagsmálasáttmálanum var tekið fram af Íslands hálfu að það teldi sig bundið af ákveðnum ákvæðum, sbr. 20. gr. sáttmálans. Ákvæði 7. gr. Félagsmálasáttmálans voru ekki á meðal þeirra ákvæða sem Ísland áleit sig bundið af. Athygli er vakin á því að Félagsmálasáttmáli Evrópu hefur verið endurskoðaður. Endurskoðuð gerð sáttmálans var opnuð til undirritunar á síðasta ári. Í hinni endurskoðuðu gerð sáttmálans eru í 7. gr. ákveðin viss aldursmörk til ráðninga barna og ungmenna í störf sem álitin eru hættuleg eða óholl, mörkin eru sett við 18 ára aldur, sbr. 2. mgr. 7. gr. Einnig eru aldursmörk varðandi takmörkun á vinnutíma vegna þarfar fólks til þroska og sérstaklega í samræmi við þörf þess á starfsþjálfun, hækkuð úr 16 ára í 18 ára, sbr. 4. mgr. 7. gr. Þá er orlofsréttur vinnandi fólks yngra en 18 ára lengdur úr þremur vikum í fjórar vikur árlega, sbr. 7. mgr. 7. gr. Réttur barna og ungmenna til félagslegrar verndar er aukinn með hinni endurskoðuðu gerð sáttmálans. Sama er að segja um aðra einstaklinga sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt Félagsmálasáttmálanum, þar á meðal fatlaðir einstaklingar. Athugandi er hvort ekki beri að stefna að því að Ísland fullgildi hina endurskoðuðu gerð Félagsmálasáttmála Evrópu og muni jafnframt álíta sig bundið af 7. gr. sáttmálans, til verndar börnum og ungmennum.

Stjórnin er sammála því álitni nefndarinnar, sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 4, að heppilegra sé að markmiðum tilskipunar ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna verði hrundið í framkvæmd með lögum og reglugerðum í stað þess að sett verði almenn lagaákvæði sem síðan verði útfærð í almennum kjarasamningum. Með þeim hætti fæst aukið réttaröryggi.

Ástæða er til að benda á nokkur atriði í frumvarpinu sem æskilegt væri að breyta.

Notkun skilgreininganna ungmenni, barn og unglingur, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, gerir ákvæði frumvarpsins óskýrari en þörf krefur. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er hugtakið barn skilgreint sem einstaklingur yngri en 18 ára, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt þeim lögum sem hann lýtur. Í lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er hugtakið barn skilgreint sem einstaklingur yngri en 16 ára og ungmenni einstaklingur á aldrinum 16 til 18 ára. Samkvæmt íslenskum rétti verður einstaklingur sjálfráða við 16 ára aldur og lögráða við 18 ára aldur. Að undanfögnu hefur verið mikil umræða um það hér á landi hvort ekki beri að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár. Í ljósi þeirrar umræðu mætti orða ákvæði frumvarpsins á einfaldari hátt þannig að almennt gildi verndarákvæðin um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri, sbr. 1. gr. frumvarpsins, en undantekningarákvæðin eigi við einstaklinga undir 13 ára, 14 ára eða 15 ára aldri, eftir því sem við á.

Stjórnin telur að þær undantekningar sem heimilaðar eru samkvæmt frumvarpinu á vinnu barn yngri en 18 ára séu réttlætanager. Sérstaklega á það við þegar um einstaklinga er að ræða sem komnir eru ofarlega í aldursmörkin. Á þann hátt geta þeir aflað sér reynslu og þekkingar á atvinnulífinu. Einnig má benda á að samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, nær skólaskyldualdur einungis til 16 ára aldurs. Þeir einstaklingar sem ekki halda áfram í námi verða að hafa möguleika á því að stunda vinnu.

Ástæða er til að gera athugasemd við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem veitir heimild til undanþágu á banni skv. 1. mgr. 4. gr. við vinnu ungmenna (þ.e.a.s. einstaklinga yngri en 18 ára) við hættulegar aðstæður. Í 8. gr. tilskipunar ESB 94/33, sem 4. gr. frumvarpsins er sniðin eftir, er heimild til undanþágu þegar slíkt er „óhjákvæmilegt“ vegna starfsnáms viðkomandi einstaklings. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er heimild til undanþágu veitt þegar „nauðsynlegt“ er vegna starfsnáms einstaklingsins. Telja verður að notkun orðsins „óhjákvæmilegt“ sé nákvæmara og komi betur til skila að um algjör undantekningartilfelli skuli vera að ræða. Einnig væri öruggara að fram kæmi í ákvæðinu sjálfu að því einungis sé heimild til undantekningar veitt að öryggi viðkomandi og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings og undir fullkominni vernd.

F.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Sandra Gíttardóttir